

Úthlutunarreglur Vísindasjóðs Orkuveitur Reykjavíkur

1.gr. - Markmið

- 1.1 Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum almennings. Framtíðarsýn Orkuveitu Reykjavíkur er að auka lífsgæði með samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Tilgangur Vísindasjóðs Orkuveitu Reykjavíkur (VOR) er að styðja við þessa framtíðarsýn.
- 1.2 Markmið sjóðsins eru:
 - Að styrkja rannsóknir og verkefni sem tengjast starfssviði fyrirtækisins með áherslu á þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru í forgangi hverju sinni í samræmi við stefnu fyrirtækisins.
 - Að styrkja rannsóknir tæknifræði-, meistara- og doktorsnema sem tengjast starfssviði fyrirtækisins með áherslu á þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru í forgangi hverju sinni í samræmi við stefnu fyrirtækisins.

2.gr. - Umsóknir

- 2.1 Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á ári og skal frestur til að skila inn umsóknum ekki vera skemmri en 30 dagar.
- 2.2 Umsóknum skal skilað á rafrænu formi í gegnum umsóknagátt á vef Orkuveitu Reykjavíkur (www.or.is/vor) ásamt öllum fylgiskjölum. Ófullgerðum umsóknum verður vísað frá.
- 2.3 Umsækjendur geta sótt um tvenns konar styrki, námsstyrki og verkefnastyrki, og eru styrkirnir veittir í 12 mánuði. Ekki er hægt að hafa fleiri en einn virkan styrk frá sjóðinum hverju sinni. Heimilt er að sækja um styrk fyrir framhald af verkefni sem hefur áður hlotið styrk frá VOR.
- 2.4 Heimilt er að óska eftir nánari upplýsingum frá umsækjendum en þeim sem koma fram í umsókn.
- 2.5 Heimilt er að leita sérfræðiþekkingar við mat á umsóknum ef talin er þörf á.

3.gr. - Námsstyrkir

- 3.1 Auglýst er eftir umsóknum frá tæknifræði-, meistara- og doktorsnema um styrki í þessum flokki. Nemendur þurfa að vera með staðfesta skólavist sem og staðfestan leiðbeinanda til að vera gjaldgengir fyrir styrk úr sjóðnum. Í umsókninni gera nemendur grein fyrir námsárangri sínum og því rannsóknarverkefni sem þeir eru að vinna að eða hyggjast fást við í námi sínu.
- 3.2 Styrkir eru veittir vegna launakostnaðar nemans og annars rannsóknarkostnaðar sem er beintengdur verkefninu, s.s. efni til tilrauna. Ekki er veittur styrkur vegna tækjakaupa, ferða á ráðstefnur og því um líkt.
- 3.3 Upphæð námsstyrkja tekur mið af áætluðum kostnaði sem talinn er fram í kostnaðaráætlun umsóknarinnar. Hámark styrkja til tæknifræði- og meistaranema er 1.250.000 kr. og fyrir doktorsnema 5.000.000 kr. en sjóðurinn áskilur sér heimild til að veita styrki sem eru lægri en það.
- 3.4 Við mat á umsóknum er litið til námsferils umsækjanda og hversu vel áætlað rannsóknarverkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins ásamt gæðum umsóknar.

Commented [HG1]: Þarf að taka fram ekki sé hægt að fá styrki frá báðum sjóðum á sama tímabili?

Commented [BDH2R1]: Góður punktur. Kannski að segja að styrkhafi getur aðeins verið með einn styrk á hverjum tíma.

Commented [HG3]: Aðalumsækjandi getur aðeins verið með einn virkan styrk hverju sinni? Er það það sem við erum að meina?

Commented [BDH4]: ? Þetta er svoltið skrátið – hvað er hér átt við? Hér þarf að geta að jafnfræði umsækjenda.

Commented [BDH5]: Passa að í umsóknarformi sé sett með skýrum hætti að nafn leiðbeinanda verður að koma fram.

Commented [BDH6]: Við íslenska háskóla. Beta við að náfnemendur þurfa þegar að vera í skólunum. Ekki fyrir nemendur sem eru að sækja um Háskóla.

Commented [VH7R6]: Er ekki líklegt að framtíðarstarfsfólk sé við nám í erlendum háskólum?

Commented [HG8]: Tæknifræðingar (BS prófgráða)? 24 eininga lokaverkefni. Eignum við ekki að leyfa þá líka?

Commented [HG9]: Geta nemendur við íslenskan háskóla aðeins sótt um? Geta allir nemendur, íslenskir/erlendir við nám í hvaða háskóla sem er sótt um?

Commented [BDH10]: að hámarki. Við þurfum að geta skert það sem sótt er um.

Commented [BDH11]: delete

4.gr. - Verkefnastyrkir

- 4.1 Auglýst er eftir umsóknum frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum í þessum flokki.
- 4.2 Styrkir eru veittir til hluta þess kostnaðar sem hlýst af vinnu sérfræðinga og annars rannsóknarkostnaðar sem er beintengdur verkefninu, s.s. efni til tilrauna. Ekki er veittur styrkur vegna tækjakaupa, ferða á ráðstefnur og því um líkt.
- 4.3 Upphæð verkefnastyrkja tekur mið af áætluðum kostnaði sem talinn er fram í kostnaðaráætlun umsóknarinnar. Verkefnastyrkir geta numið að hámarki 70% af heildarkostnaði. Hámark verkefnastyrkja eru 8.000.000 kr. en sjóðurinn áskilur sér heimild til að veita styrki sem eru lægri en það.
- 4.4 Við mat á umsóknum er litið til hversu vel verkefni fellur að tilgangi og markmiðum sjóðsins og gæðum umsóknar. Jafnframt er litið til trúverðugleika kostnaðar- og tímaáætlunar verkefnisins og hvort verkefnið njóti styrkja annarra sjóða.

5.gr. - Mat á umsóknum, samningar og eftirfylgni

- 5.1 Sérfræðingar, á þeim sviðum sem rannsóknarefni umsókna tilheyra, rýna og meta umsóknir sem berast sjóðnum. Þeirri rýni er skilað til fagráðs vísindasjóðsins sem ber saman umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr sjóðnum.
- 5.2 Stjórn sjóðsins fer yfir tillögur fagráðsins og ákvarðar úthlutun.
- 5.3 Stjórn sjóðsins skal gera samning við styrkþega um greiðslu styrks og skuldbindingar styrkþega, s.s. varðandi lokaskýrslur. Sé verkefni ekki hafið innan 6 mánaða frá styrkveitingu, fellur styrkur niður, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, að mati stjórnar. Sé skýrslum ekki skilað eða þær ekki fullnægjandi er lokagreiðsla ekki greidd út og sjóðnum heimilt að kalla eftir endurgreiðslu ef rök eru fyrir því.
- 5.4 Stjórn sjóðsins er heimilt í slíkum samningi að skilyrða styrk þannig að hlutdeild í tekjustreymi sem skapast vegna verkefnisins eða einkaleyfa á uppgötvunum renni til sjóðsins.
- 5.5 Styrkþegar skulu skila lokaskýrslu verkefnis samkvæmt skilmálum styrksamnings.
- 5.6 Styrkþegar skulu vera viðbúinir að kynna verkefni sitt á viðburðum Orkuveitu Reykjavíkur sé þess óskað.

6.gr. - Trúnaður

- 6.1 Stjórn og starfsmenn sjóðsins skulu gæta fyllsta trúnaðar um þær upplýsingar sem fram koma í umsóknum.
- 6.2 Umsóknir og mat á þeim verða vistaðar á öruggu svæði.
- 6.3 Stjórn sjóðsins er heimilt að greina opinberlega frá heiti verkefnis, útdrætti verkefnis, nafni styrkþega og styrkupphæð.

7.gr. - Annað

- 7.1 Stjórn sjóðsins skal gefa stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skýrslu um styrki úr sjóðnum, fjárhagsstöðu hans og framvindu styrktra verkefna þegar eftir er leitað.
- 7.2 Stjórn sjóðsins skal rýna úthlutunarreglur árlega, áður en auglýst er eftir umsóknum hverju sinni.

Reykjavík, 19. maí 2023

Commented [HG12]: Þessi grein er tekin beint úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar. Hér þarf ef til vill að breyta einhverju.

Commented [BDH13]: Laga orðalag. "umsóknir eru.."

Commented [BDH14]: Er þetta standard?

Commented [HG15R14]: Þurfum að athuga þetta atriði betur.

Commented [HG16]: Þarf að athuga hvort önnur ákvæði varðandi persónuvernd þurfi að koma hér inn.